

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um lögmæti innrásarinnar í Írak og endurskoðun á afstöðu ríkisstjórnarinnar.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hvert er mat ráðherra á lögmæti innrásar Bandaríkjamanna og Breta í Írak fyrr á árinu í ljósi þess að engar sannanir hafa fundist fyrir gereyðingarvopnaeign Íraka og svo virðist sem sú hættu sem umheiminum stafaði af þáverandi stjórnvöldum í Írak hafi verið ýkt?
2. Hefur ríkisstjórnin hugleitt þann möguleika að draga til baka stuðning sinn við innrásina í Írak og láta taka Ísland af lista yfir þær þjóðir sem studdu stríðið?
3. Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til áframhaldandi bandarískra yfirráða í Írak?